

Skipulagsstofnun
Hólfríður Bjarnadóttir
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. janúar 2017
2017010036/42-0
TB
jgo/tb

Tillaga að matsáætlun - Laxeldi í Arnarfirði, framleiðsla á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 5. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun fyrir laxeldi í Arnarfirði, framleiðsla á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu að matsáætlun. Í matsáætluninni kemur fram að fjallað verður um þá þætti í fiskeldinu, sjúkdóma, erfðablöndun og mengun, sem Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að gerð séu góð skil og eru að mati stofnunarinnar þættir sem eru líklegastir til að hafa neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru. Að þessu leiti er því ekki gerð athugasemd við matsáætlunina.

Í matsáætluninni kemur fram að aðeins liggur fyrir bráðabirgðamat fyrir burðarþol Arnarfjarðar, sjá bls. 28, og að ekki hefur farið fram mat á burðarþoli einstakra svæða. Náttúrufræðistofnun telur að burðarþolsmati eigi að ljúka áður en endanlega afstaða er tekin til framkvæmdarinnar skv. matsskýrslu. Stofnunin vill einnig benda á að eingöngu er gert ráð fyrir að nota norskan kynbættan lax og að ekki eigi að fjalla um aðra valkosti en nefndir eru í matsáætluninni, fyrir utan núllkost. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að fjalla sérstaklega um hvers vegna aðrir valkostir eru ekki metnir í frummatsskýrslu/matsskýrslu bæði í tengslum við það sem kemur fram í bls. 7 um framtíðarmarkmið fyrirtækisins um sjálfbærni og einnig í sambandi við framkvæmd samningsins um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sjá bls. 28. Skoða þarf samlegðaráhrif á landsvísu vegna erfðablöndunar og sjúkdóma þ.m.t. mótvægisáðgerðir, rannsóknir, vöktun og eftirlit.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

